



PÉSI

34. ÁRGANGUR | 387 TBL.

MARS 2024

Athugið!

Næsti Pési kemur út
24. apríl. Efni þarf að
berast fyrir **19. apríl.**



Hrunamenn og gestir þeirra hafa í vetur getað notið gönguskiðabrauta sem lagðar hafa verið á og við golfvöllinn á Efra-Seli. Verkefnið er unnið í samvinnu golfklúbbsins og Hrunamannahrepps og hefur mælst afskaplega vel fyrir. Stöðugt fjólgar þeim sem njóta þess að ganga hér á skiðum og bætist sá hópur við glæða nofendur skautasvellsins sem slegið hefur í gegn í vetur.

Lóðum úthlutað við Loðmundartanga

Öllum lóðum við Loðmundartanga var úthlutað á einum og sama fundi sveitarstjórnar í síðustu viku. Er þar um að ræða 2 raðhús, 6 parhús og 2 einbýlishús, eða samtals 21 íbúð. Einnig var á fundinum úthlutað 2 einbýlishúsalóðum við Túngötu og einni iðnaðarlóð við lðjuslóð. Gekk þessi lóðaúthlutun betur en bjartsýnustu menn þorðu að vona og ljóst að uppbygging í hinu nýja hverfi Byggð á Bríkum er að fara mun hraðar af stað en í upphafi var búist við. Er það ánægjulegt og ber vitni um bjartsýni og skýra framtíðarsýn þeirra aðila sem þarna hyggjast hefja framkvæmdir.



Please note that on the website fludir.is, you can translate everything, with one click, to English, Polish, and Romanian.



Punktur frá sveitarstjóra í mars!

Í upphafi vil ég nota þetta tækifæri og þakka hjónaballsnefndinni fyrir einstaklega flotta skemmtun og frábæran undirbúning. Það að halda slíkan viðburð í ekki stærra sveitarfélagi og þar sem einstaklingar í sjálfböðavinnu sjá um allan undirbúning er einstakt. Allt gekk upp og afraksturinn var hálft þúsund ánægðra gesta sem að loknu kvöldinu fór til síns heima með gleði í hjarta eftir gott kvöld í góðra vina hópi. Þúsund þakkir til ykkar allra sem að viðburðinum stóðuð og árnaðaróskir til ykkar sem skipið næstu hjónaballsnefnd. Við erum öll þegar farin að hlakka til.



Ný nefnd hefur tekið til starfa

Ný Veitu- og framkvæmdanefnd Hrunamannahrepps hefur nú tekið til starfa. Hlutverk nefndarinnar er að vinna að uppbyggingu og rekstri grunninnviða sveitarfélagsins, í samræmi við stefnu sveitarstjórnar sem birtist meðal annars í aðalSKIPULAGI, HÚSNÆÐISÁÆTLUN og fjárhagsáætlunum. Nefndin fjallar um verklegar framkvæmdir í sveitarfélaginu, hefur eftirlit með öllum mannvirkjum sveitarfélagsins og er ráðgefandi um atriði er varða uppbyggingu, rekstur, viðhald og nýtingu eigna sveitarfélagsins. Vonir standa til að með skýrari ferlum, stefnumörkun og eftirfylgni megi ná enn betri árangri í þessum efnun en áður. Formaður nefndarinnar er Bjarney Vignisdóttir.

Ekkert að fréttu!

Enn bíðum við svara frá Framkvæmdasýslu ríkisins varðandi niðurstöðu í markaðs-könnun vegna húsnæðis fyrir Heilsugæslu Uppsveitanna. Sveitarstjórn bauð Hrunamannaveg 3 sem aðstöðu og erum við öll sannfærð um að ef tilboðinu verður tekið þá mun það efla og styrkja heilsugæsluna á svæðinu öllu til framtíðar.

Verkefni sumarsins eru fjölmörg

Nú er unnið hörðum höndum að undirbúningi verkefna sumarsins enda æðir tíminn áfram. Þar ber hæst færsla á líkamsræktinni niður á jarðhæð í íþróttahúsinu með tilheyrandi færslu á skólastofunum sem þar eru inn í skólahúsnæðið sjálf. Starfsmenn Flúðaskóla vinna nú að því verkefni að finna öllum góðan stað. Það er ljóst að umtalsverðar breytingar verða á skólaumhverfinu og því er afar ánægjulegt að finna þann góða vilja og jákvæðni sem einkennir viðmót starfs-

manna gagnvart þessu stóra verkefni. Einnig voru á fjárhagsáætlun settir fjármunir til endurbóta á lóðinni við Flúðaskóla en þar er mikil þörf á endurbótum. Þeim framkvæmdum verður áfangaskipt en mikilvægt er að byrja.

Dagdvöl fyrir eldri borgara í burðarliðnum

Unnið er að umsókn um dagdvöl fyrir eldri borgara í samvinnu sveitarfélaganna hér í Uppsveitum. Líklegt er að niðurstaðan verði sú að staðsetning muni taka mið af þörfinni á hverjum tíma og að dagdvölin geti verið staðsett á mismunandi stöðum. Til að byrja með yrði það þó í Reykholti og/eða Brautarholti enda er húsnæði svo til tilbúið fyrir starfsemina á þessum tveimur stöðum. Hér þurfum við aftur á móti að skoða betur húsakost og þá möguleika sem þar eru áður en við getum innréttað hér dagdvöl fyrir eldra fólk þó að það sé klárlega á dagskrá.

Ég vil hvetja ykkur öll til að fylgjast með fréttum af starfsemi sveitarfélagsins á heimasíðunni www.fludir.is sem og á samfélagsmiðlum. Það er gott að vita til þess að íbúar eru áhugasamir og vakandi fyrir starfsemi sveitarfélagsins svo endilega verið dugleg að hafa samband og láta vita ef eitthvað má betur fara.

Aldís Hafsteinsdóttir
Sveitarstjóri




Hjörleifur Ólafsson

Raffræðingur / Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



HUGMYND

TEIKNISTOFAN HUGMYND

Tek að mér hönnun og teikningu á byggingarleyfisskyldum raflagna- og brunakerfum.

Ráðgjöf varðandi rafmagn og raflagnir.

Teikna upp hugmyndir viðskiptavina.

Högnastíg 14
845 Flúðir

flight@simnet.is
Sími 699 0757

Bréfpokar fyrir lífrænan úrgang

Breyting hefur verið gerð á sérsöfnun á matarleifum við heimili, fyrirtæki og stofnanir og má nú ekki lengur nota maíspoka undir matarleifarnar. Eingöngu má nota bréfpoka.

Ástæða breytinganna er sú að matarleifar frá okkar svæði fara nú í gas- og jarðgerðarstöðina GAJA og brotna bréfpokarnir betur niður en maíspokarnir og festast síður í vélbúnaðinum sem þar er.



Gott er að það komi fram að árangur samræmdrar flokkunar er mikill og hreinleiki matarleifanna sem íbúar skila er um 98% enda er fátt einfaldara en að flokka lífrænar matarleifar. Því viljum við hvetja alla til að flokka lífrænt og reyna að ná sem mestum matarleifum úr almenna sorpinu.

Sveitarstjórn hefur samþykkt að hverju heimili verði afhent gjaldfrjálst eitt búnt af bréfpokum til að nota fyrir lífræna ruslið og geta íbúar sótt pokana sína fljótlega í Ráðhúsið, bókasafnið eða sundlaugina.

Fylgist með tilkynningu á Facebook varðandi það hvenær afhending bréfpokanna mun hefjast.

PÁSKAEGGJALEIT

Atvinnu- ferða- og menningarnefnd býður öllum að taka þátt í páskaeggjaleit í Lystigarðinum mánudaginn 31. mars, á annan í páskum, kl. 10:30.

Í fyrra tókst viðburðurinn afar vel og vill nefndin þakka Límtré/Vírnet fyrir góðan stuðning.

Fylgist með nánari tilkynningum á Facebook.



FÁÐU SLYSIÐ BÆTT

HRINGDU Í BÓTARÉTT Í SÍMA 520 5100.



botarettur.is



Aðalfundur ÁSÆL

18. mars 2024

Aðalfundur ÁSÆL 2024 verður haldinn á Sæsabar mánudagskvöldið 18. mars næstkomandi og hefst stundvíslega kl. 20:00.

Dagskrá aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur
3. Kosningar í stjórn.
4. Umræður

Kaldur á krananum og kruðerí með.

Hlökkum til að sjá gamla og nýja félagsmenn.

Kveðja, stjórn ÁSÆL

Kerlingarfjöll ehf., rekstraraðili skálanna í Svinárnesi, Leppistungum og Helgaskála, óskar eftir umsjónaraðila skálanna fyrir sumarið 2024. Starfið felst í samskiptum við viðskiptavini, umsjón og almennan rekstur skálanna frá júní til september.

Áhugasamir hafið samband við magnus.orri@bluelagoon.is fyrir 20. mars næstkomandi.



Starfið í Félagsmiðstöðinni Zero

Starfið í Félagsmiðstöðinni Zero fer mjög vel af stað á nýju ári. Í janúar hittust forstöðumenn allra félagsmiðstöðva á Suðurlandi og áttum við gott samtal um þær áskoranir og tækifæri sem bíða okkar í frístundamálum á næstu misserum. Frístundastarf barna og unglunga er mjög mismunandi á milli sveitarfélaga, enda stærð og samsetning starfsins með ólíku móti.

Í uppsveitum hefur verið farin sú leið að reka unglingastarfið sameiginlega milli sveitarfélaga. Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur reka sameiginlega Félagsmiðstöðina Zero. Við í Zero höfum starfað náið með Félagsmiðstöðinni Zetor (GOGG og Bláskógabyggð) sl. ár, það samstarf fer vaxandi með hverju ári. Þetta fyrirkomulag hefur reynst okkur afar vel og erum við að þjónusta um 50 unglunga í hvorri félagsmiðstöð á ári hverju. Í krafti fjöldans höfum við geta boðið upp á fjölbreytta afþreyingu með það að markmiði að ná til sem flestra.

Í febrúar tókum við í Zero á móti unglingum frá Zetor eftir Smiðjur. Smiðjurnar eru samstarfsverkefni grunnskólanna í uppsveitum. Þá komu til okkar um 100 unglingar og gekk opnunin vonum fram. En eftir langan skóladag er fátt betra en að geta hitt jafningja sína á hlutlausum stað í frjálsum starfi þar sem unglingum gefst tækifæri á að efla og styrkja félagsleg tengsl í öruggu umhverfi.

Í kjölfarið á smiðjum héldu félagsmiðstöðvarnar tvær sameiginlega söngkeppni þar sem atriði voru valin sem keppa munu fyrir félagsmiðstöðvarnar á Suðurlandskeppninni (USSS) sem fram fer þann 15. mars í Þorlákshöfn. Þeirri keppni lýkur svo með balli. Þau atriði sem komast áfram úr Suðurlandskeppninni munu svo taka þátt í Söngkeppni Samfés sem fram fer í Laugardalshöll í maí.

Í lok febrúar var svo farið í skíðaferð í Bláfjöll þar sem við gistum í Skíðaskálanum Hengli sem rekinn er af skíðadeildum ÍR og Víkings. Sú ferð hefur verið fastur liður í starfinu árlega, en ferðin er samvinnuverkefni Flúðaskóla og okkar í Zero.

Það eru svo sannarlega viðburðaríkir dagar um þessar mundir og er enginn ástæða til annars en að hlakka til komandi missera í frístundastarfi uppsveita. Unglingahópurinn er frábær og fullur af metnaðarfullum ungmenum sem standa sig mjög vel á svo mörgum sviðum.

Hugum vel að frístundastarfi barna og unglunga okkur öllum til heilla!

*Þórarinn Guðni Helgason
Forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar Zero*



Grænna land ehf.

Hellulagnir - Áburðargjöf
Beðahreinsun - Garðsláttur
Garðauðun - Trjáklippingar
Gróðursetning trjáplanta
Ráðgjöf um hönnun garða
Þökulagnir - Trjáplöntusala

Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufæðingur

Sími 858 3399
graennaland@simnet.is



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Heilsugæslan Laugarási

Heilsugæslustöðin Laugarási er opin
frá kl. 8 til 15 alla virka daga.

Tímamantanir og bókun í símaviðtal
er í síma 432 2770.

Blóðprufur eru teknar mánudaga til
fimmtudaga. Athugið að bóka þarf
tíma í blóðprufur og beiðni frá lækni
þarf að liggja fyrir.



**Öll almenn smíðavinna, nýsmíði,
viðhald, flísalagnir og viðgerðir**

Sími 888 1975 / 865 7499

Sundlaugin á Flúðum



Opnunartími í Sundlauginni yfir páskana

Skírdagur 6. apríl: 13:00 - 18:00
Föstud. langi 7. apríl: 13:00 - 18:00
Laugardagurinn 8. apríl: 13:00 - 18:00
Páskadagur sunnudagur 9. apríl: 13:00-18:00
Annar í páskum 10. apríl: 13:00 - 18:00

Engin morgunopnun yfir páskana.

*Líkamsræktin er lokað frá skírdegi og
fram yfir annan í páskum.*

Vetraropnun 16. ágúst - 31. maí

Mánu-, þriðju-, miðviku- og föstudaga
kl. 16:00 - 20:30

Einnig opið mánu- og fimmtudaga
frá kl. 06:00 - 09:00

(að öðru leyti lokað á fimmtudögum)

Laugardaga og sunnudaga
kl. 13:00 - 18:00.

Árskort sem gilda í sundlauginna, íþrótt- og
tækjasalinn eru á mjög hagstæðu verði, aðeins
16.000 kr. Minnum á að hjá flestum stéttar-
félögum er hægt að sækja um styrk.

Húsnæðisáætlun samþykkt

Húsnæðisáætlun Hrunamannahrepps fyrir árið 2024 hefur verið samþykkt af sveitarstjórn.

Ljóst er að framundan er uppbygging á nýjum svæðum með tilheyrandi íbúafjölgun en fjölgun íbúa er þegar mun meiri en gert er ráð fyrir í gildandi aðalskipulagi þar sem vonir stóðu

til að íbúar yrðu 900 árið 2032. Í byrjun mars 2024 eru íbúar 935 og enn eru samt 8 ár eftir af því tímabili sem aðalskipulagið tekur til.



Miðað við forsendur í framlagðri húsnæðisáætlun er gert ráð fyrir því að íbúar verði komnir í um 1.000 um 2025/2026. Fjöldi lóða hefur þegar verið úthlutað, á sumum er búið að skila inn teikningum, jarðvegsvinna er hafin á öðrum og á nokkrum eru húsnæðingar hafnar og við það að ljúka. Einnig er unnið hér að stórum verkefnum á sviði ferðaþjónustu sem kalla mun á tugi starfsmanna og því er ljóst að sveitarfélagið verður að búa þannig um hnúta að þeir sem hér vilja búa eigi góða möguleika á því.

Áhugasamir eru hvattir til að kynna sér húsnæðisáætlun Hrunamannahrepps árið 2024 sem finna má á heimasíðu Hrunamannahrepps.

Framundan í Hrunaprestakalli



Dymbilvika og páskar:

24. mars - Pálmásunnudagur:

Ferming í Stóra-Núpskirkju kl. 11.

29. mars - Föstudagurinn langi:

Passíusálmalestur í Hrepphólakirkju frá kl. 13.

31. mars - Páskadagur:

Hátíðarmessa í Hrunakirkju kl. 8 og hátíðarmessa í Ólafsvallakirkju kl. 11.



Hrafnkell Sigurðsson
Loftnet
Aerials

Sigga Björg & Mikael Lind
Hamflettur
Skinnings

$\frac{1}{3} | \frac{2}{4}$

Kristinn Már Pálmason
Kaþarsis

Erla S. Haraldsdóttir
Draumur móður minnar
My Mother's Dream



www.listasafnarnesinga.is
Austurmörk 21
810 Hveragerði



Ókeypis
aðgangur
Free entry

Bókasafn Hrunamanna

Bókasafn Hrunamanna er aðildarsafn að Rafbókasafninu. Rafbókasafnið (www.rafbokasafnid.is) er bókasafn á vefnum þar sem finna má fjölda raf- og hljóðbóka af öllu tagi, fyrir alla aldurshópa.

Bókasafnið er opið:



Þriðjudaga kl. 9-12
heitt á könnunni

Þriðjudagskvöld kl. 18-20

Miðvikudaga kl. 16-18



Félagsheimilinu, 2. hæð - Sími 480 6628 - Bókasafnið er á Facebook
bokasafn@fludir.is - <http://bokasafn.fludir.is/>



Baggamunur

Bókhalds- og skattþjónusta

Smiðjustígur 6, Flúðum - Sími 866 9035
www.baggamunur.is - s@baggamunur.is

Fótuaðgerðastofa
Öddu Siggu

Miðfelli 2a

Tímappantanir í síma
867 6580



Dömu- og herraklipping, litun og strípur.

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna.

**Vinsamlegast pantið tíma í
síma 845 9816 (Halyna).**



Tek að mér járnsmíðar og viðgerðir
á vélum og tækjum af ýmsu tagi.

Gísli Laugum
Sími 861 9682



**Löggiltur rafverktaki
/ bílaflutningur**

Axel
Sími 860 7073

Hjónaballsnefnd 2025



Inga Jóna og Þorgþór - formenn

Margrét Hrunð og Þjörgvin Viðar

Þjóra og Siggí Á

Ragnheiður Þjörg og Gunnar

Hanna Þjörk og Benedikt

Rakel og Viktor Máni

Margrét Helga og Ari

Ólöf og Herbert

Rebeka og Ístván

Margrét Runólfs

Birgir Örn

Sigrún Guðlaugs

Dúna Rut

Guðmundur Aron





KARLAKÓR
HREPPAMANNA

Stofnaður 1. apríl 1997

HAGYRÐINGA- KVÖLD

Staður: Félagsheimili Hrunamanna

Dagsetning: Laugardagskvöldið 16. mars

Húsið opnar 19:30 og samkoman hefst kl. 20 og að sjálfsögðu verður barinn opinn. Miðaverð 4.000 kr. og miðasala fer fram við hurð.



"He's here to hit the high notes."

Hagyrðingar sem boðað hafa komu sína eru:

- Jóhannes Sigfússon frá Gunnarsstöðum, Þistilfríði
- Pétur Pétursson læknir, Akureyri
- Magnús Haldórsson, vélsmiður og sundlaugarvörður, Hvolsvelli
- Gylfi Þorkelsson framhaldsskólakennari, Laugarvatni

Stjórnandi kvöldsins verður Árni Geirhjörtur, Akureyri

Karлакór Hreppamanna mun einnig taka nokkur lög.

EKKI LÁTA ÞESSA SKEMMTUN FRAMHJÁ ÞÉR FARA!

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Aldís Hafsteinsdóttir (hruni@fludir.is)

Umsjón: Svanhildur Pétursdóttir (svanhildur@fludir.is)

Umbrot og prentun: Prentmet Oddi - Umhverfisvottuð prentsmiðja

Sími 480 6600

pesi@fludir.is

www.fludir.is